

Sveitarfélag ársins – saman sköpum við blómlegt og heilbriggt starfsumhverfi

Góður árangur næst ekki nema starfsumhverfið styðji starfsfólk til góðra verka. Könnunin *Sveitarfélag ársins* gefur sveitarfélögum tækifæri til að bregðast við áskorunum og byggja blómlegt og heilbriggt starfsumhverfi. Um er að ræða vandaða könnun í umsjón Mannauðssjóðsins Heklu sem verður send þátttakendum í lok apríl.

Með þessu bréfi bjóðum við sveitarfélaginu þátttöku í könnuninni fyrir allt starfsfólk.

Félagsfólk bæjarstarfsmannafélaga BSRB svarar spurningum sem tengjast starfsumhverfi þeirra og líkt og undanfarin ár bjóða bæjarstarfsmannafélögin (sjá neðar) sveitarfélögum að taka þátt í könnuninni fyrir allt starfsfólk. Ef allt starfsfólk tekur þátt fæst heildstæðari mynd af starfsumhverfi sveitarfélaganna en annars væri. Könnunin gefur sveitarfélögum frábært tækifæri til að bæta starfsumhverfi sitt. Þau geta borið sig saman við önnur sveitarfélög og aðra vinnustaði, en samskonar kannanir eru gerðar á opinberum og almennum markaði.

Nánari upplýsingar eru neðar í þessu bréfi og á þessum síðum:

<https://www.mannaudssjodur.is/umsveitarfelag-arsins>

<https://www.facebook.com/sveitarfelagarsins>

Um hvað er spurt í könnuninni?

Alls eru rúmlega 40 spurningar í könnuninni sem falla í níu þætti: Stjórnun, ímynd, starfsanda, sjálfstæði, vinnuskilyrði, sveigjanleika, launakjör, jafnrétti og starfsánægju.

Þátttaka miðast við fastráðið starfsfólk í 30% eða hærra starfshlutfalli. Könnunin verður send til alls félagsfólks þeirra félaga sem standa að könnuninni, en kjósi sveitarfélagið að taka þátt verður könnunin send öllu starfsfólki sveitarfélagsins óháð félagsaðild.

Hvar verða niðurstöður birtar?

Haustið 2026 verða niðurstöður allra sveitarfélaga sem ná þátttökuskilyrðum aðgengilegar í rafrænu riti. Í niðurstöðum verður sveitarfélögum skipt í stærðarflokka, ef næg þátttaka næst.

Við hátíðlega athöfn verður þeim sveitarfélögum veitt viðurkenning sem best hafa stuðlað að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga.

Hvað fær sveitarfélagið ef það tekur þátt?

Alls fá um 60 sveitarfélög boð um þátttöku. Þau sveitarfélög sem taka þátt fyrir allt starfsfólk og ná a.m.k. 35% svarhlutfalli fá aðgang að skýrslum sem eru tilbúnar til kynninga. Í skýrslunni er hægt að sjá niðurstöður allra þátta, spurningar að baki þáttunum og þróun þátta, ef það á við. Einnig mun sveitarfélagið geta séð niðurstöður fyrir einstaka vinnustaði, t.d. hvern skóla ef 10 eða fleiri svör berast frá skólanum. Aldrei eru sýndar niðurstöður fyrir færri en 10 svör í einu. Innifalið í þátttöku er kynning á niðurstöðum fyrir stjórnendum sveitarfélagsins á því hvernig sveitarfélagið getur nýtt niðurstöðurnar sem best. Þrautreynt starfsfólk Gallup leiðir stjórnendur sveitarfélagsins í gegnum niðurstöðurnar.

Niðurstöður ársins 2025

Alls náðu 22 sveitarfélög þátttökuskilyrðum í fyrra og sjá má niðurstöður sveitarfélaganna hér á öllum þáttunum:

Tafla. Einkunnir einstakra sveitafélaga (alls 1319 svarenda).

Sveitarfélög	Heildareinkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launa kjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd sveitarfélags	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4,074	+/-0,08	4,16	4,20	3,25	3,80	4,20	4,24	3,99	4,22	4,34	
1. Bláskógabyggð *	4,414	+/-0,07	4,63	4,44	3,63	4,03	4,33	4,51	4,45	4,64	4,71	35-49%
2. Grímsnes- og Grafningshreppur *	4,354	+/-0,12	4,47	4,40	3,88	4,13	4,32	4,44	4,41	4,57	4,39	50-59%
3. Hrunamannahreppur *	4,352	+/-0,08	4,48	4,44	3,60	4,23	4,41	4,37	4,32	4,46	4,56	50-59%
4. Skeiða- og Gnúpverjahreppur	4,325	+/-0,22	4,54	4,44	3,35	4,21	4,31	4,09	4,18	4,56	4,72	35-49%
5. Suðurnesjabær *	4,287	+/-0,06	4,46	4,29	3,46	4,01	4,41	4,40	4,27	4,47	4,52	35-49%
6. Húnaþing vestra *	4,198	+/-0,09	4,30	4,34	3,57	3,86	4,27	4,25	3,99	4,33	4,57	50-59%
7. Vestmannaeyjabær *	4,125	+/-0,07	4,18	4,39	3,17	3,77	4,18	4,38	4,05	4,45	4,28	35-49%
8. Norðurþing *	4,119	+/-0,07	4,25	4,28	3,58	3,65	4,32	4,22	3,83	4,34	4,37	35-49%
9. Borgarbyggð	4,096	+/-0,12	4,33	4,31	3,12	3,45	4,15	4,34	4,01	4,25	4,48	35-49%
10. Snæfellsbær	4,075	+/-0,18	4,01	4,03	3,51	3,96	4,14	4,41	3,98	4,20	4,36	35-49%
11. Rangárþing eystra	4,021	+/-0,15	4,08	4,05	3,25	3,86	4,28	4,12	4,15	4,19	4,05	35-49%
12. Árborg	3,986	+/-0,09	4,04	4,23	3,00	3,56	4,17	4,17	4,01	4,16	4,25	35-49%
13. Ísafjarðarbær *	3,982	+/-0,05	4,08	4,10	3,37	3,58	3,96	4,07	3,83	4,18	4,36	60-69%
14. Ölfus *	3,954	+/-0,09	4,02	4,15	2,98	3,70	4,27	4,14	3,79	4,10	4,16	50-59%
15. Akranes	3,953	+/-0,12	4,00	4,20	2,80	3,72	4,09	4,19	3,91	4,11	4,23	50-59%
16. Vogar	3,949	+/-0,16	4,22	3,93	2,95	3,61	4,40	4,17	3,80	3,94	4,22	35-49%
17. Dalvíkurbyggð	3,943	+/-0,18	3,93	4,04	3,18	3,86	4,18	4,13	3,81	4,00	4,19	35-49%
18. Rangárþing ytra	3,927	+/-0,14	4,04	4,09	3,11	3,36	4,00	4,13	3,96	4,08	4,27	35-49%
19. Fjallabyggð	3,927	+/-0,16	3,91	4,04	3,01	3,53	4,20	4,29	3,94	4,06	4,22	35-49%
20. Skagaströnd	3,906	+/-0,24	3,82	4,00	3,29	3,78	3,83	4,23	3,88	3,92	4,27	70-79%
21. Skagafjörður	3,899	+/-0,10	3,96	4,21	2,83	3,72	3,98	4,09	3,73	4,04	4,18	35-49%
22. Dalabyggð	3,836	+/-0,31	3,72	3,97	2,92	4,01	4,27	4,03	3,56	3,90	4,06	35-49%

Hvað þarf að gera til að taka þátt?

Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar, úrvinnslu niðurstaðna og getur aðstoðað sveitarfélagið við að bregðast við áskorunum, ef þörf er á. Könnunin verður send til starfsfólks í lok apríl.

Þau sveitarfélög sem kjósa að leggja könnunina fyrir allt starfsfólk þurfa að gera vinnslusamning við Gallup vegna persónuupplýsinga sem sveitarfélagið sendir frá sér. Senda þarf tölvupóst á Tómas (tomas.bjarnason@gallup.is) og óska eftir að fá sendan vinnslusamning. Þegar vinnslusamningur er kominn á, skal senda listann í læstri Excel skrá til Tómasar hjá Gallup fyrir 17. apríl. Lykilorð til að opna skrána skal senda með SMS í síma 860-1025. Í skilaboðunum skal koma fram hver sendandinn er, dæmi: „Glæsisveitarfélag - lykilorð: GS2026.“

Excel-skjalið þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar um allt fastráðið starfsfólk í 30% starfshlutfalli eða meira:

- Kennitölu svaranda, nafn, netfang, GSM símanúmer, vinnustað starfsfólks (t.d. svið, deild, einingu, etc. – vinnustaður fólks verður notaður við greiningu niðurstaðna). Upplýsingar um vinnustað starfsmanns í úrtaksskjali liggur til grundvallar skýrslugerðar fyrir sveitarfélagið. Ath. að ekki eru birtar niðurstöður fyrir færri en 10 manns og því þarf starfsmannafjöldi eininga að vera a.m.k. 10.

- Einnig þarf að fylgja tölvupóstinum nafn tengiliðs hjá sveitarfélaginu sem Gallup getur verið í sambandi við til að upplýsa um þátttöku starfsfólks og skil á skýrslum þegar þar að kemur.

Könnunin er eingöngu rafræn og er send starfsfólki í tölvupósti og/eða SMS.

Hver er kostnaður við þátttöku?

Kostnaður við þátttöku starfsfólks alls sveitarfélagsins með skýrslugerð og fundi með Gallup um niðurstöður er sem hér segir (tölur án vsk.).

Alls fjöldi starfsfólks sveitarfélags	Verð fyrir þátttöku alls starfsfólks, skýrslugerð og fundur með Gallup – verð eru án vsk.
Færri en 100	182.000 kr.
100-199	246.000 kr.
200-399	359.000 kr.
400-699	574.000 kr.
700-999	678.000 kr.
1000-1999	980.000 kr.
2000-2999	1.280.000 kr.

Sveitarfélagið greiðir kostnað við þátttöku og skýrslugerð beint til Gallup.

Eftirfarandi félög standa að könnuninni:

Kjölur, stéttarfélag í almannajónustu	Arna Jakobína Björnsdóttir	jakobina@kjolur.is
FOSS, stéttarfélag í almannajónustu	Árný Erla Bjarnadóttir	arny@foss.bsrb.is
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	Guðjón Hilmarrson	fosa@fosa.is
Starfsmannafélag Garðabæjar	Gunnar Hrafn Richardson	formadur@stag.is
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	Karl Rúnar Þórsson	karl@sthafn.is
Starfsmannafélag Húsavíkur	Hermína Hreiðarsdóttir	sth@framsyn.is
Starfsmannafélag Kópavogs	Marta Ólöf Jónsdóttir	formadur@stkop.is
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar	Edda R. Davíðsdóttir	stamos@stamos.is
Starfsmannafélag Suðurnesja	Trausti Björgvinsson	formadur@stfs.is
Starfsmannafélag Vestmannaeyja	Unnur Sigmarsdóttir	unnur@stavey.is
Sameyki, stéttarfélag í almannajónustu	Jakobína Þórðardóttir	jakobina@sameyki.is

Frekari upplýsingar fást hjá undirrituðum:

Tómas Bjarnason, tomas.bjarnason@gallup.is; sími 860 1025

Hrund Hlöðversdóttir, hrund@mannaudssjodur.is; sími 525 8319



<https://www.sveitarfelagarsins.is/>



<https://www.facebook.com/sveitarfelagarsins>